



## Fundargerð hreppsnefndar 01. mars 2018

### Fundur

#### Fundur nr. 76 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 1. mars 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson, Sigríður Bragadóttir, Hinrik Ingólfsson, Eyjólfur Sigurðsson og Einar Björn Kristbergsson.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir:

a) Menningarmálanefndar dags. 3. október 2017, 12. desember. 2017. og 14. febrúar 2018

Ræddir voru 2. og 8. tl. í fundargerð 14.02.18. Telur sveitarstjórn eðlilegt að starf starfsmanns verði auglýst enda hafi sá háttur verið hafður á. Óskar sveitarstjórn ennfremur eftir að fá uppgjör Vopnaskaks sl. árs lagt fram. Fundargerðirnar síðan bornar upp og þær samhljóða samþykktar.

b) Starfshóps um byggingu vallahúss dags. 15. febrúar 2018

Bárður, Eyjólfur og Magnús Þór upplýstu nánar um stöðu verkefnisins sem er í hönnununarferli ásamt deiliskipulagi svæðisins. Lagt fram til kynningar.

c) Ungmennaráðs Vopnafjarðar dags. 19. febrúar 2018

Samþykkt að boða fulltrúa í ungmennaráði til fundar við sveitarstjórn á næsta fundi sveitarstjórnar. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

d) Samstarfsnefndar sveitarfélaga dags. 16. febrúar 2018

Oddviti lagði fram skoðanakönnun sem samstarfsnefndin hyggst leggja fyrir íbúa sveitarfélaga á Austurlandi. Samhljóða samþykkt að leggja könnunina fyrir íbúa Vopnafjarðar. Lagt fram til kynningar.

e) 139. fundar HAUST

Lagt fram til kynningar.

## 2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Þjóðskrá Íslands

Lagt fram til kynningar.

b) PACTA lögmonnum

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að afla sér frekari upplýsingar um málið og kynna í framhaldinu fyrir sveitarstjórn. Öðru leyti til kynningar.

c) Sýslumanninum á Austurlandi

Sigríður yfirgaf fundinn undir þessum lið. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá umbeðinni umsögn.

d) Ráðrík

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að svara bréfinu með ítrekaðri ósk um að veittar verði upplýsingar um verð á námskeiðspáttöku. Áður en ákvörðun liggur fyrir um námskeiðshald mun áhugi meðal íbúa vera kannaður. Samhljóða samþykkt.

e) Lánasjóði sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

## 3. Almenn mál:

a) Ályktanir af miðstjórnarfundi Ungt Austurland 2017

Lagt fram til kynningar.

b) Ályktanir aðalfundar NAUST 2018

Lagt fram til kynningar.

c) Drög að samningi milli Björgunarsveitarinnar Vopna og Vopnafjarðarhrepps

d) Hinrik og Stefán Grímur véku af fundi undir þessum lið og tók Bárður við fundarstjórn. Sveitarstjórn óskar eftir að fá samningsdrögin lögð fyrir að nýju með áorðnum breytingum er varðar 2. gr. samningsdraga. Fundarstjóra falið að koma á breytingunum á framfæri við sveitarstjóra.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:34.

[Eylgigögn fundar 010318 \(2\).pdf](#)